

RAFBÓK

HJÁLP, LESTURINN GENGUR

ILLA!

FORELDRAHANDBÓK UM LESTRARERFIÐLEIKA



Kolbeinn Sigurjónsson

Kjarni • Þverholt 2

270 Mosfellsbær

Sími 5666664 • www.betranam.is

Efnisyfirlit

Til foreldra.....	3
Orsök lestrarörðugleika?	4
Hvað er skynvilla?	5
Kveikjur og kveikjuorð.....	6
Lestrarviðmið og hraði.....	8
Les barnið mitt of hægt?.....	9
Stafaruglingur	10
Stafaruglingur og -speglun.....	11
Hljóðun fram eftir aldri	12
Upphaf hljóðunaraðferðar	13
Hvers vegna les barnið mitt svona vitlaust?.....	14
Er barnið mitt lesblind?	17
Algeng lesblindueinkenni.....	20
1. Erfiðleikar með tákn.....	20
2. Rugla saman merkingu.....	20
3. Órói þegar einbeitingar er þörf	20
Slakur lesskilningur?	22
Hvar er athyglin?	23
Hversu markviss er heimalesturinn?.....	24
Nefnuhraði – hvað er það?.....	25
En er heimalestur nóg?	26
Listrænt fiðrildi eða einbeitt talnamaskína?.....	28
Að framkalla einbeitingu?	30
3 „tegundir“ athyglisbrests	Error! Bookmark not defined.
Hvað svo?.....	32
Gefðu okkur umsögn!	Error! Bookmark not defined.

Til foreldra

Pú átt væntanlega barn sem glímir við lestrarörðugleika af einhverju tagi. Hugsanlega hefur lestrarnámið farið hægt eða illa af stað. Barnið les hægt. Eða vitlaust. Sýnir jafnvel mótpróa við heimalestur.

Ég hef frá árinu 2004 unnið með nemendum sem glímt hafa við námsörðugleika af ýmsu tagi, og lestrarörðugleikar leika þar stórt hlutverk.

Að minnsta kosti 15-20% nemenda glíma við lesblindu, og kannanir sýna að allt að 25% drengja geti ekki lesið sér til gagns í 10. bekk. Slök útkoma í Pisa könnunum sýnir einnig að einhvers staðar er pottur er brotinn.

Ef barnið þitt á erfitt uppdráttar strax við upphaf lestrarnáms, þá er full ástæða til að grípa inn í strax. Lestrarörðugleikar vinda oftast upp á sig og það verður bæði erfiðara og kostnaðarsamara að grípa inn í síðar meir.

Ég vona að lesturinn muni vera upplýsandi og skemmtilegur í senn. Þá er tilganginum náð.



Kolbeinn Sigurjónsson
Lesblinduráðgjöf

Orsök lestrarörðugleika?

Lestur er flókið mál. Við fæðumst ekki læs. Og heldur ekki lesblind. En hvers vegna eiga sumir svo auðvelt með að læra að lesa meðan aðrir strita jafnvel árum saman með litlum árangri?

Engin ein skilgreining er til á hugtakinu „lesblinda“ og engin einhlít skýring virðist vera til á ástandinu. Ég kalla þetta ástand því lesblindueinkenni geta sveiflast. Þau koma og fara og eru mismikil frá degi til dags. Stundum gengur vel og stundum illa.

Ef þú átt barn sem sýnir merki lestrarerfiðleika þá vonast ég til að þú verðir einhvers vísari um einkenni og ekki síst möguleg úrræði eftir lesturinn.

Hvers konar erfiðleika erum við að tala um? Einkum eru þetta erfiðleikar við að læra stafi, stafaruglingur og erfiðleikar við að lesa orð án fyrirhafnar. Að lesa hægt útheimtir nefnilega meiri orku en að lesa hratt. Skrýtið?

Algengt að lesa algeng orð vitlaust. Eða löturhægt. Slíkur lestur reynir mikið á og úthaldið er því oft lítið. Pirringur og

þreyta í kringum lestur er einnig algengur fylgifiskur undirliggjandi lestrarerfiðleika.

Hvað er skynvilla?

En er allt sem sýnist? Skoðum nánar. „Skynvilla“ er tímabundið hugarástand sem skapast þegar við „dettum út“ eða skiljum ekki eitthvað. Skynvilla er það þegar við erum ekki upptekin af umhverfinu, heldur okkar eigin hugsunum.



Skynvilla er hugarástandið sem við erum í þegar við ímyndum okkur eitthvað. Þegar við sjáum eitthvað fyrir okkur (t.d. tómát) þá telst það vera *skynvilla*.

Dagdraumar, eins og draumar, eru skynvilla.

Ron Davis, höfundur Davis lesblindukerfisins og bókarinnar „Náðargáfan lesblinda“, skilgreinir skynvillu sem rót námsörðugleika. Hvernig má það vera? Jú, skynvilla er í raun ósjálfráð viðbrögð hugans við **óvissu**.

Skynvilla er leið hugans til að **eyða** óvissu sem komin er upp.

Skynvilla getur varað allt frá örstuttum augnablikum, upp í heilu kennslustundirnar ef svo ber undir (athyglisbrestur?).

Sjáðu til, þegar við vitum svarið við einhverju, þá þurfum við ekki skynvillu. Það þýðir að við getum svarað strax, án umhugsunar og hiks. Skynvilla er þannig *verkfæri* sem við beitum til að einbeita okkur að óvissu sem komin er upp.

En stundum þurfum við að hugsa okkur um – og þá kemur skynvillan að góðum notum.

En hvenær verður skynvillan til vandræða?

Þegar nemandi skilur ekki eitthvað eða finnst það ruglingslegt, þá verður hann skynvilltur.



Nemandi sem upplifir ítrekaða óvissu í sömu aðstæðum verður ítrekað skynvilltur.

Athugaðu, að skynvilla er sjaldnast tilviljun. Oftast er eitthvað sem veldur skynvillunni. Því er gott að þekkja einkenni hennar og átta sig á því hvað það var sem barnið var að gera þegar skynvillan kom upp.

Kveikjur og kveikjuorð

Þegar bókstafur eða orð veldur ítrekað óvissu, þá er **táknið sjálft** orðið *orsök skynvillunnar*. Slík tákn köllum við „kveikjur“ og „kveikjuorð“. Þau *kveikja* á skynvillu.

Nemandi sem upplifir þessa tilfinningu ítrekað (þ.e. skynvillu) þegar hann sér stafi eða orð, getur þróað með sér einkenni sem við tengjum við lesblindu.

Þannig geta sum orð eða bókstafir beinlínis kveikt á lesblindueinkennum meðan önnur gera það ekki.

Þú getur séð barnið þitt hika, hökta eða iða sér í stólnum þegar það les eitt orð, en renna svo eins og fluglæst barn í gegnum annað orð.

Af þessum sökum er gott að fylgjast vel með ef barnið þitt ruglast sífellt á tilteknum bókstöfum eða orðum.

Orð sem eru „myndlaus“ (hafa óljósa merkingu) eru líklegri til að valda erfiðleikum en önnur. Þannig er t.d. auðveldara að lesa orð með augljósa merkingu (t.d. „máni“ eða „epli“) en myndlausu orðin „þaðan“ eða „víða“.

Algengustu orð íslenskunnar (og vestrænna tungumála) eru kveikjuorð. Það eru orð eins og „sem“, „því“, „þaðan“, „í“, „á“, „hve“.

Les barnið þitt smáorð oft vitlaust?

Lestrarviðmið og hraði


Haustið 2015 hófst hjá Menntamálastofnun vinna við þróun skimunar- og stöðuprófa í lestri.

Áhersla er lögð á „lesfimi“, sem felst m.a. í leshraða og lesnákvæmni. Ágætt er að vita hvar þitt barn er stadd miðað við þessi viðmið.


Undanfarin ár hefur leshraði verið mældur í atkvæðum á mínútu, en framvegis verður áhersla lögð á að mæla hraða í orðum á mínútu.

Hér að neðan finnur þú töflu sem varpar ljósi á lesfimimarkið og þar getur þú séð hvernig þitt barn stendur.


Gefin eru upp 3 viðmið fyrir hvern árang (að vori):



- **Viðmið 1:** Stefnt er að því að 90% nemenda nái viðmiðinu.



- **Viðmið 2:** Stefnt er að því að 50% nemenda nái viðmiðinu.



- **Viðmið 3:** Stefnt er að því að 25% nemenda nái viðmiðinu.

Les barnið mitt of hægt?

Meðfylgjandi eru skjáskot úr skýrslu Menntamálastofnunar

Tafla 1. Maíviðmið fyrir lesfimiþróf *Lesferils* – fjöldi rétt lesinna orða á mínútu.

Aldur nemenda	90% viðmið	50% viðmið	25% viðmið
1. bekkur	20	55	75
2. bekkur	40	85	100
3. bekkur	55	100	120
4. bekkur	80	120	145
5. bekkur	90	140	160
6. bekkur	105	155	175
7. bekkur	120		190
8. bekkur	130		210
9. bekkur	140		210
10. bekkur	145		210

Hlutfall nemenda sem skal hafa náð tilteknum leshraða að vori.

Sömu viðmið má sjá hér sem **atkvæði á mínútu**:

Tafla 2. Maíviðmið fyrir lesfimiþróf *Lesferils* – fjöldi rétt lesinna atkvæða á mínútu.

Aldur nemenda	90% viðmið	50% viðmið	25% viðmið
1. bekkur	30	80	110
2. bekkur	60	130	160
3. bekkur	90	170	200
4. bekkur	130	200	240
5. bekkur	150	230	270
6. bekkur	175	260	290
7. bekkur	200	280	320
8. bekkur	215	300	350
9. bekkur	230	300	350
10. bekkur	240	300	350

Skýrsluna í heild má nálgast á vef Menntamálastofnunar á slóðinni

https://mms.is/sites/mms.is/files/lesfimividmid_mms.pdf

Stafaruglingur

Börn læra að lesa með svokallaðri hljóðunaraðferð. Sú aðferð byggir á því að tengja saman hljóð stafanna svo þau myndi heild; orð.

Nemandi sem þekkir ekki útlit orðsins (orðmyndina), þarf að beita hljóðun til að „lesa“ orðið. Ef hann rekst á stafi eða stafasamsetningu sem honum reynist erfið upplifir hann skynvillu. Skynvilla er jú ástandið sem við förum í þegar við þurfum að brjóta heilann um eitthvað.

Tvíhljóð geta líka reynst erfið (æ, au, ey) sem og tvöfaldir samhljóðar (nn,mm,ll).

Bókstafir eru tákni sem við þurfum að læra. Bókstafir hafa bæði „nafn“ og „hljóð“. Mörg börn og sérstaklega byrjendur í lestri ruglast auðveldlega á táknum sem líkjast öðrum táknum, s.s. „b“ og „d“, „f“ og „v“. Nemandi sem ruglast á þessum táknum eða man ekki hvað þau heita, er líklegur til að hika, giskar eða snúa þeim vitlaust (speglar) þegar hann skrifar.

Stafaruglingur og -speglun

Mundu að við bregðumst við óvissunni með skynvillu. Vandamálið nú er að skynvillan virkar ekki sem skyldi og óvissuástandið breytist í rugling. Barnið giskar því til að höggva á hnútinn. Þetta veldur áframhaldandi óvissu og skynvillan endurtekur sig þegar viðkomandi tákn birtist aftur. Þannig hefur þú líklega séð það gerast að barnið þitt strandar á orði sem það er tiltölulega nýbúið að sjá. Það er engu líkara en að slík orð fari ekki „inn“.

Enda erum við ekki í „móttækilegu“ hugarástandi þegar skynvilla er til staðar. Athygli okkar er ekki á umhverfinu þegar við erum skynvillt, heldur beinum við henni inná við, að hugsunum okkar.

En ekki valda öll tákn óvissu (og þar með skynvillu). Þau sem eru afgerandi og auðþekkt í útliti eru alla jafna auðveldust (t.d. M og K) en önnur geta valdið ruglingi árum saman. Þau tákn eru kölluð kveikjur eins og áður var sagt.

Stafaruglingur er vissulegar eðlilegur við upphaf lestrarnáms. En ef nemandi getur ekki lært stafina með fullvissu á fyrsta ári í skóla er líklega um þessi óvissuviðbrögð að ræða. Lestrarþjálfun verður mjög erfið og mun ganga hægt af þessum sökum.

Stafaruglingur getur því tafið fyrir árangri í lestri. Hann er auk þess vísbending um að barnið glími við vissa erfiðleika sem eigi eftir að torvelda lestrarnámið. Því er gott að vera á varðbergi strax við upphaf lestrarnáms.

Ekki síst ef eldra systkin eða jafnvel foreldri hefur einnig átt erfitt uppdráttar í lestri. En það er heldur engin ástæða til að örvænta, en með því að vera upplýst(ur) ertu í betri stöðu til að veita þínu barni þann stuðning og þjálfun sem best hentar.

Hljóðun fram eftir aldri

Þú þekkir hljóðun á því að barnið les orðið upphátt, staf fyrir staf (mun hæggar en það talar).

Byrjendur í lestri hljóða nánast samfelld. Það er eðlilegt, en með tímanum lærir barnið að þekkja útlit orða nógu vel til að þurfa ekki að hljóða sig í gegnum það.

Útlit orðs kallast „orðmynd“ og markmiðið ætti því að vera að hætta hljóðun sem fyrst. Aðeins þannig næst betri lestrarhraði.

Þegar barnið þitt hljóðar orð (les það löturhægt frá einum staf til annars), þá er ástæðan oftast sú að það þekkir ekki orðmyndina nægilega vel til að lesa orðið án umhugsunar.

Að hljóða útheimtir talsverða orku og úthaldið dugar því sjaldnast nema til nokkurra mínútna lesturs. Jafnvel í léttlestrarbók.

Stafaruglingur getur verið nokkur lúmskur. Ef barnið þitt hikar eilítið áður en það nefnir bókstaf (jafnvel bara 1 sekúndu), þá kann það að vera vísbending um að óvissa sé til staðar sem getur truflað lestur.

Upphaf hljóðunaraðferðar

Upphaf hljóðunaraðferðarinnar má rekja til þess þegar Ísak Jónsson kemur frá námi í Svíþjóð og stofnar Ísaksskóla árið 1926.

Hljóðunaraðferðin hentar íslenskunni einstaklega vel vegna þess hversu hljóðrétt hún er. Flest orð eru borin fram eins og þau eru skrifuð.

Ísak kenndi öðrum kennurum aðferðina og er Herdís Egilsdóttir líklega einn þekktasti kyndilberi hennar. Það fer því ekki á milli mála að þarna var lyft grettistaki í lestrarmálum þjóðarinnar og líklega er hljóðunaraðferðin besta kennsluaðferð í lestri fyrir okkur Íslendinga.

Þegar ég nefni lestrarörðugleika og skynvillu í sömu andrá, þá er ég að horfa til nemenda sem eiga erfitt með að tileinka sér útlit bókstafa og orða.

Þetta geta verið nemendur sem ná tökum á hljóðunaraðferðinni en gengur illa að festa orðmyndirnar sjálfar í minni sér. Hljóðunin sem slík er því ekki vandamálið og því síður hljóðunaraðferðin sem kennsluáferð.

Hvers vegna les barnið mitt svona vitlaust?

Sýnt hefur verið fram á að orðaforði lesblindra barna er minni en annarra. Mörg hugtök reynast þeim erfið og stafsetning er oftast slök. Mikilvægt er að lesa fyrir börn til að auka orðaforðann, þar sem mörg orð sem koma fyrir í texta eru lítið notuð í daglegu tali.

En það er eitt að skilja orð sem sagt er upphátt, og annað að þekkja orðmynd þess á blaði.

Foreldrar furða sig oft á því hve vitlaust barn sitt les litlu orðin í textanum, meðan sum lengri orðanna gengur betur að lesa.

Þetta getur verið nokkuð áberandi í lestri þannig að smáorðin eru oft lesin vitlaust.

Afleiðingarnar geta verið þær að barnið les „var“ sem „er“, „ég“ sem „og“, „í“ sem „á“ o.s.frv. Nöfn og heiti geta reynast þung. Líttlestrarbækur geta einnig innihaldið framandi orð á borð við „Rúrí“ og „Ómar“. Það er ekki nóg að þekkja hljóð orðsins (sbr. „Ómar“), orðmyndin „Ómar“ getur reynst erfið.

Þegar barnið þitt les upphátt þá ætti ekki að fara á milli mála hvort það þekkir orðmyndina eða ekki.

Ef nemandinn vandar sig og sér orð sem hann á erfitt með, þá hikar hann og hljóðar sig í gegnum orðið. Þreyttur og áhugalítill nemandi er líklegri til að giska en að reyna að lesa rétt.

Ágiskanir geta því líka verið merki um það að barnið þekki ekki orðmyndina nægilega vel og skorti úthald til að hljóða - enda þreytandi og leiðigjarnt til lengdar.

Hljóðun er vissulega árangursrík kennsluaðferð, en þetta er líka mikilvæg vísbending um að þetta heilinn þekkir ekki þessa tilteknu orðmynd nægilega vel. Það getur því verið tímaspursmál hvenær aðferðin sem notuð er við kennslu og hefur dugað svo vel fram að þessu, er orðin vísbending um að skoða þurfi fleiri leiðir í lestrarnáminu.

Markmið lestrarþjálfunarinnar er að þekkja orðið svo vel að „hljóðmyndin“ komi ósjálfrátt fram á varirnar. Án þess að hugsa.

Þannig lestu orðið „hús“ án þess að hugsa. Þú lest líka orðið „vandamál“ án þess að hugsa þig um. Þú átt jafnvel auðvelt með löng samsett orð eins og „hjólhýsi“. En öðru máli gegnir líklega um barnið þitt. Hvers vegna?

Þar kemur æfingin inn í. Líttlestrarbækurnar þjálfar ekki bara lestraraðferðina sjálfa heldur hjálpa þau einnig nemandanum að byggja upp þennan sjónræna orðaforða sem er svo mikilvægur.

Þegar hér er komið við sögu skiptir gríðarlegu máli að lesa oft, helst daglega. Það tekur einfaldlega langan tíma fyrir byrjendur að stækka „orðabankann“ sinn. Mánuði og ár. Að lesa í mjög stuttan tíma í senn, og sleppa jafnvel úr dögum, er ekki líklegt til árangurs. Árangurinn veltur að mestu leyti á heimalestrinum.

Flestir hætta daglegum heimalestri allt of snemma. Fyrstu 4-5 bekkina er heimalestur oftast í föstum skorðum en eftir það dregur verulega úr. Því miður.

En það er einmitt þá sem skiptir sköpum fyrir barnið að halda áfram og flytja sig yfir í lengri og skemmtilegri bækur. Það er á þessu stigi sem þjálfar þarf úthald og einbeitingu. En samkeppnin við sjónvarp, tölvur og snjallsíma er mikil og e.t.v. ekki að undra að staðan í 10. bekk sé óviðunandi á flesta mælikvarða.

Ef lestrarnámið fer illa af stað og árangurinn lætur standa á sér, skal ekki undra að sumir nemendur þreytist fljótt og sýni lestri lítinn áhuga þegar fram í sækir.

Flestir vilja sjá árangur af erfiðri sínu. Það getur því verið erfitt að viðhalda áhuga þegar nemandinn sjálfur hefur litla sem enga tilfinningu fyrir árangri, jafnvel mánuðum saman.

Er barnið mitt lesblindt?

Engin ein skilgreining er til á lesblindu (e. Dyslexia). Ekkert eitt skimunarpróf er heldur til en hér á landi er Logos prófið mikið notað í grunnskólum.

Á lesvefnum getur þú séð yfirlit algengra greiningartóla:
http://lesvefurinn.hi.is/kennsla_greining

Lesblinda er ekki sjúkdómur, heldur er hún samansafn einkenna. Lesblindu fylgja bæði kostir og gallar eða styrkleikar og veikleikar.

Neikvæðu hliðar lesblindunnar birtast einkum lestri og ritun og oft í erfiðleikum með stærðfræði líka. Jákvæðu hliðarnar felast í auðugu ímyndunarafli og verklagni. Það munar um minna og mikilvægt er að halda á lofti kostum þess að vera með lesblindu eða athyglisbrest.

Þótt þetta auðveldi e.t.v. ekki bóknámið fyrstu árin þá er þetta dýrmæt auðlind sem nýtist síðar sé henni beint í réttan farveg.

Lesblinda er sjaldnast greind fyrr en í 4. bekk þótt oft sé löngu ljóst að um lesblindu sé að ræða. Athugaðu samt að einkenni lesblindu er afar almenn hjá byrjendum og því ber að taka einkennunum með fyrirvara.

Þótt sumir nemendur fari hægt af stað í lestri þýðir það ekki að þeir geti ekki náð góðum tókum á lestri.

Fjölmargir þekktir einstaklingar eru lesblindir og þakka jafnvel lesblindunni afrek sín.

Þar má nefna t.d. rithöfundinn Agöthu Christie, Óskarsverðlaunaleikkonuna Whoopi Goldberg, leikarann Daniel Radcliffe sem Harry Potter, leikstjóran Steven Spielberg, tónlistarmanninn Justin Timberlake, Michael Phelps (Ólympíumeistara í sundi), söngkonuna Cher, nakta kokkinn Jamie Oliver, Adam Levine (Voice þjálfari), Steven Tyler (söngvari Aerosmith), söngkonuna Joss Stone, goðsögnina Tony Bennett, milljarðamæringinn Richard Branson (stofnanda Virgin flugfélagsins), Ikea frumkvöðulinn Ingvar Kamprad, Pablo Picasso og síðast en ekki síst Einstein sjálfan.



Listinn er endalaus en þarf að segja meira?

Algeng lesblindueinkenni

1. Erfiðleikar með tákn

Flestir lesblindir nemendur eiga erfitt með tvívíð tákn. Einkum þau sem líkjast öðrum táknum, s.s. b og d, o og ó.

Stafaruglingur er reyndar mjög algengur meðal byrjenda en hann rjátlast oft seint og illa af þeim sem síðar greinast lesblindir.

2. Rugla saman merkingu

Sum tákn hafa merkingu, s.s. “+” og “x”. Að tengja merkingu við tákn reynist oft bæði erfitt og ruglingslegt.

3. Órói þegar einbeitingar er þörf

Lesblindur nemandi finnur oft til óróa og jafnvel svima þegar hann reynir að einbeita sér við eitthvað sem hann skilur illa.

Hann getur verið djúpt sokkinn og rólegur þegar hann leikur sér eða teiknar, en iðar svo allur þegar hann reynir að lesa, skrifa eða reikna.

4. Erfiðleikar við lestur algengra hugtaka

Orð sem fela í sér huglæga eða óljósa merkingu eiga það oft sameiginlegt að það er erfitt að sjá þau í huganum. Myndræn hugtök eins og “stóll” og “epli” festast fljótt og vel í minni, en orð með óljósa merkingu festast seint og illa.

Dæmi um slík orð geta verið algeng smáorð eins og „það“, „aðeins“, „hvernig“ o.s.frv.

5. Erfiðleikar við að læra raðir

Að læra röð krefst samfelldrar einbeitingar og athygli. Einstaklingur sem á erfitt með að halda athygli gefst oft upp á að læra raðir og af þeim sökum gengur oft hægt að læra runur eins og dagana, mánuðina, stafrófið og margföldun.

6. Styrkleikar eða áhugi á verklegum og skapandi greinum

Eitt helsta einkenni lesblindu er gott ímyndunarafli. Nemandinn á því oftast auðvelt með að sjá hluti fyrir sér. Þessi hæfileiki nýtur sín einna best í greinum þar sem hugur og hönd fá að njóta sín, s.s. smíði, handavinnu, matreiðslu.

7. Nemandinn uppsker ekki eins og hann sáir

Æfingin skapar meistarann. En ef barnið þitt reynir ítrekað að læra það sama og fylgir æfingunum samviskusamlega, en með litlum árangri, þá er líklegt að eitthvað sé að hamla framvindunni. Einbeitingarskortur getur spilað inn í, en áhugaleysi og mótþrói getur líka haft mikið að segja.

Margir foreldrar hafa eðlilega áhyggjur af framhaldinu en eru ekki vissir um hvort þeir eigi að deila áhyggjum sínum með skólanum.

Oft er það svo að kennari barnsins á frumkvæði að því að fá aukahjálp.

Ef þú hefur sannarlega áhyggjur af stöðunni þá mæli ég með því að þú talir við kennara barnsins. Þótt greining fái ekki strax þá getur það liðkað til síðar meir að hafa verið í góðu sambandi við skólann.

Slakur lesskilningur?

Eins og áður sagði skiptir athygli gríðarlegu máli þegar kemur að því að muna eftir einhverju eða læra nýja hluti.

Ein algengasta ástæða þess að lesandi man ekki það sem hann les, er skortur á athygli. Hann „datt út“. Þetta er einnig helsta ástæða þess að við gleymum nöfnum, týnum hlutum sem við leggjum frá okkur o.s.frv.

Margir bera því við að textinn höfði ekki til þeirra. Það er lítið við því að gera. Áhugi hefur alltaf sitt að segja. En skoðum nánar hvað getur gerst hjá venjulegum lesanda sem glímir við þetta vandamál.

Til að skilja textann þarf barnið að geta haft athygli á **innihaldi** textans. Athyglin er því á atburðarásinni.

En mundu, að við getum aðeins haft athyglina á einum stað í senn.

Það þýðir, að ef athyglin á að vera á frásögninni sjálfri, þá þarf lesturinn að vera sjálfvirkur.

Barnið þarf semsagt að valda lestrartækninni það vel, að lesturinn sjálfur útheimti ekki alla þá orku og athygli sem barnið hefur.

Mundu, að þegar barnið sér orð sem það skilur ekki eða þekkir ekki, kviknar óvissuástand sem við köllum „skynvillu“.

Hvar er athyglin?

Á þessum tímapunkti fer öll athygli barnsins í að eyða óvissunni og brjóta heilann um orðið.

Ef í harðbakkann slær þá hljóðar barnið orðið, staf fyrir staf. Þetta útheimtir auk þess mikla orku og er þreytandi.

Á þessu stigi eru litlar forsendur til að hugsa um innihald textans.

Lestrartæknin sjálf – það að umbreyta orðum í hljóð – er því forgangsmál í lestrarnáminu fyrstu árin. Slakur lesskilningur er vissulega algengt vandamál, en þessa þætti þarf að skoða í samhengi.

Eigi barnið að geta lesið sér til gagns og skemmtunar síðar, þarf að þjálfra undirstöðuþætti lestrarins gríðarvel og markvisst framan af.

Hversu markviss er heimalesturinn?

Þegar um unga lesendur er að ræða þá eru myndlausu smáorðin áberandi erfið (kveikjuorð), en þegar lengra líður á skólagönguna þá verður textinn almennt þyngri. Það getur reynst þrautin þyngri fyrir lesblindan nema að lesa um líffræði eða jarðfræði þar sem fræðiheiti eru í hverri línu.

Vítahringur myndast svo þegar lesandinn þarf að marglesa textann til að muna innihaldið. Flestir eru hæglæsir þar sem þeir þurfa oft að tvílesa setningar og málsgreinar (vegna skynvillu).

Fyrstu námsárin skiptir því höfuðmáli að auka sjálfvirkni í lestrinum. Að ná upp hraða og lipurð í lestrinum.

Það skiptir einfaldlega sköpum að lesturinn sjálfur sé eins auðveldur og að ganga. Aðeins þannig getum við beitt athyglinni að því sem skiptir máli í textanum; innihaldinu.

Það er því ekki að ástæðulausu að heimalestur er jafn mikilvægur og raun ber vitni.

Nefnuhraði – hvað er það?

Nefnuhraði er hugtak sem notað er til að lýsa því hve langur tími líður frá því að nemandi sér orð þar til hann getur borið það fram.

Kenningin um tvöfaldan veikleika (double-deficit hypotheses) byggir á þeirri staðhæfingu að aðgengi og endurheimt á hljóðrænum upplýsingum sé einn af undirþáttum lestrar.

„Nefnuhraðapróf er nú orðið hluti af víðtæku mati á nemendum sem eru að hefja lestrarnám þar sem sýnt hefur verið fram á að þeir sem eiga í mestum erfiðleikum með lestur og lestrarnám hafi veikleika bæði í hljóðkerfisvitund og undirliggjandi ferlum nefnuhraða sem hafi mikil áhrif á lestrarþróun þeirra og möguleika til árangurs.“ ([Helga Sigmundsdóttir](#); Roth 2004:264).

Ef barnið þitt hikar þegar það sér bókstaf, eða þarf að hugsa sig um til að útiloka rugling, þá hefur þú fundið tákni sem mætti kalla „kveikju“.

Það sama á við um orð. Ef barnið þitt hljóðar orð, þ.e. les það mun hæggar en það talar, þá þekkir það ekki orðmyndina nægilega vel. Kveikjur eða kveikjuorð geta í þessu samhengi verið orsök lestrarvandans. Með því að finna og laga þessar kveikjur getur barnið þitt náð meiri framförum en ella.

Kveikjur orsaka heilabrot sem „slá barnið þitt út“ aftur og aftur, með þeim afleiðingum að framfarir í lestri verða mjög hæggar.

Heimalesturinn er líklegur til að ganga fremur illa, barnið þreytist og sýnir með tímanum minni og minni áhuga á lestri.

Það er heldur ekki skemmtilegt fyrir nemendur í 3.-4. bekk að lesa léttlestrarbækur sem ætlaðar eru byrjendum. Því er afar mikilvægt að nemandinn fari þokkalega af stað í lestri svo hann sitji ekki eftir í 3. eða 4. bekk með lestrarbækur sem eru ekki fyrir hans þroskastig.

En er heimalestur nóg?

Heimalestur er líklega einn mikilvægasti hluti lestrarnámsins. Það kemur einfaldlega ekkert í staðinn fyrir það að lesa sem oftast. Lestur er ekki „trix“. Ekki fremur en að hjóla.



Þú hvíslar svarinu ekki í eyra barnsins.

Gallinn liggur í því að þegar eitthvað bjátar á, árangurinn lætur á sér standa, barnið sýnir mótþróa, les hægt eða ruglast mikið, þá virðist heimalesturinn oft gera lítið sem ekkert gagn.

Ástæðan liggur að hluta til í því að sem heimalestur sem „æfing“ er fremur ómarkviss. Hann skilar sínu þegar allt gengur vel.

Listrænt fiðrildi eða einbeitt talnamaskína?

Flestir hafa heyrt um hægra og vinstra heilahvelið. Það hægra stjórnar vinstri hluta líkamans og öfugt. En þau skipta líka með sér öðrum hlutverkum.

	
Vinstra heilahvel	Hægra heilahvel
<ul style="list-style-type: none"> - Línuleg hugsun (eitt í einu) - Rökhugsun - Smáatriði - Bera saman staðreyndir - Orð og tungumál - Fortíð og nútíð (orsök / afleiðing) - Röð og regla - Raunsæi - Öryggi - Áætlanir - Tölur og tákni - Greining 	<ul style="list-style-type: none"> - Tilfinningar - Heildarmyndin – myndræn hugsun - Myndir, form og litir - Sjónrænir eiginleikar - Hvatvísi - Nútíð og framtíð - Áhætta - Ímyndun - Dagdraumar - Rýmisvitund - Taktur

Ég hef litað með **bláu** í sum atriðin til að undirstrika muninn.

Hér sést hvers vegna lesblindir eru stundum nefndir „hægra heilahvels fólk í vinstra heilahvels heimi“.

Ráðandi þættir í persónuleika lesblindra eru ekki ósjaldan ímyndunaraflið, dagdraumar og listrænir eiginleikar.

Það má því segja að það sé í raun ekkert að. Lesblinda er hvorki sjúkdómur né fæðingargalli. Takið eftir hvað skólakerfið hlýtur að henta „vinstra heilahvels“ nemandan betur en hinum. Um 15-20% manna eru talin með lesblindu.

Á Íslandi gerir það u.þ.b. 50.000 manns. Mun fleiri finna fyrir einkennum lesblindu, en þau einkenni eru oftast mild og hafa ekki afgerandi áhrif á lestrargetu.

Lesblindueinkennin eru þá ekki svo sterk að þau hamli námi.

Nemendum sem gengur þokkalega í námi greinast sjaldnast með lesblindu. Af því leiðir að flestir tengja lesblindu við námsörðugleika og vandræði.


Námsstíll hvers og eins getur verið mismunandi en skólakerfið á skiljanlega erfitt með að aðlaga sig að þörfum hvers og eins, jafnvel þótt allur vilji sé til staðar þá er það ekki raunhæft.

Hvað varðar lestrarnámið þá mun þungamiðja þess alltaf vera heima. Dagleg þjálfun skiptir þar einfaldlega sköpum.

Er hægt að „framkalla“ einbeitingu?

Heilinn starfar ekki alltaf á sömu tíðni eða bylgju. Það fer eftir hugarástandi og/eða viðfangsefnum á hvaða tíðni við erum.

Árið 1930 notar Hans Berger fyrstu heilarit ([EEG](#)) til að skanna (og þar með sýna fram á) mismunandi heilabylgjur. Svólítið eins og mismunandi útvarpsbylgjur. Þessar heilabylgjur er kallaðar Alpha, Beta, Theta, Delta, Gamma osfrv.



Með því að tengja einstakling við heilaskanna má sjá á hvaða tíðni hann er, og t.d. er Beta tíðni sú tíðni sem við erum á þegar við erum einbeitt. Gamma tíðni er mjög há og við erum afar móttækileg á þeirri tíðni.

En það svo einfalt?

Michael og Lynda Thompson, höfundar bókarinnar „the ADD book“, skipta börnum sem oft eru greind með athyglisbrest í 3 hópa.

1. **„Fiðrildin“ (e. Free Spirit ADD):** Þessi börn eru EKKI með athyglisbrest. Þetta eru greind, orkurík börn, sem hugsa, haga sér og læra með öðrum hætti en flest önnur börn. Þau eiga kannski úrvinda foreldra, eru áskorun fyrir kennarann, og jafnvel erfið í sínu nánasta umhverfi. Þeim gengur ekki vel í skóla því umhverfið verðlaunar nemendur fyrir að vera eins og gera eins (e. Sameness). Skólakerfið vanmetur oft gildi fjölbreytileikans. Þessi börn þurfa aðrar námsaðferðir, en þau þurfa alls ekki merkimiða.
2. **Staðbundið ADD (e. Situational ADD).** Þessir krakkar eiga í erfiðleikum í vissu umhverfi. Erfiðleikarnir geta ýmist verið bundnir við skóla, heimili eða tómsundur. Áreitið sem þau þola ekki fær þau til að bregðast við með hegðun sem skilgreind er sem ADD. Þessir krakkar eru með athyglisbrest (ADD), en einkennin stafa af utanaðkomandi áreiti, eitthvað sem angrar þau, meiðir þau eða veldur þeim hugaræsingi af öðrum orsökum.
3. **Taugasálfræðilegt ADD (Neurobiological ADD).** Þessi tegund er talin vera sú algengasta. Einstaklingurinn er með yfirgnæfandi Þeta-bylgjur í vinstra heilahveli (sjá kort). Ef Þeta bylgjur eru ráðandi þegar við sofum, þá er okkur að dreyma. Ef Þeta bylgjur mælast í vöku, er um dagdrauma að ræða. Þetta ástand er vissulega eðlilegt í stutta stund í einu, en þegar það verður viðvarandi þá skapar það stór vandamál fyrir viðkomandi. Hann getur ekki einbeitt sér, er stöðugt upptekinn

af eigin hugsunum og verður utanveltu í samtölum svo eitthvað sé nefnt.

Hvað svo?

Áherslan fyrstu námsárin (1.-4. bekk) er að miklu leyti á lestur. Heimalestur er mikilvægur eigi lestrarnámið að ganga vel.

Það er líka ljóst að erfiðleikar á þessu tímabili geta sett verulegt strik í reikninginn.

Það sem gott er að hafa í huga varðandi lestrarörðugleika (og mögulega lesblindu er þetta):

- Ruglast barnið oft á sömu bókstöfunum?
- Á það erfitt með að lesa jafnvel algeng orð?
- Er úthaldið lítið og þreytist það fljótt?
- Er það fast í hljóðun?
- Finnst þér eins og það hljóði eða hiki þegar það sér orð sem það ætti fyrir löngu að vera búið að læra?

Fyrsta veturinn í grunnskóla er verið að leggja inn bókstafi. Lestur hefst þegar líður á veturinn þar sem unnið er með hljóðaaðferð.

Ofangreind einkenni geta því verið fullkomlega eðlilegur hluti af lestrarnámi barnsins þíns.

En þegar þér finnst árangurinn standa á sér, framfarirnar litlar og þú ferð að sjá vaxandi mótþróa eða þreytu og áhugaleysi hjá

barninu þínu, sem ástæða er til að vera vakandi fyrir því hvort sértækra úrræða er þörf.

Betra nám hefur um árabil sérhæft sig í úrræðum tengdum námsörðugleikum og þá einkum vegna lestrarörðugleikum og lesblindu.

Nánari upplýsingar um námskeið finnur þú á heimasíðunni, www.betranam.is.

.....



Kolbeinn Sigurjónsson

kolbeinn@betranam.is

Betra nám / www.betranam.is
